

Útdráttur

Hindrunarkenning og stimplunarkenning styðjast báðar við félagslega greiningu og hvernig viðurlög móta mannlega hegðun. Hvorug kenningin lítur svo á að viðurlög hafi hlutlaus áhrif en þær innihalda báðar fyrirfram gefnar hugmyndir um hvernig viðurlögin móti hegðun einstaklinga.

Hindrunarkenning er grundvallarregla skynsemishyggjunnar og er talin vera kjarninn í réttarfarskerfinu. Lagalegar refsingar teljast fráhrindandi og eiga að hindra frekari afbrot. Þegar afbrot er framið þarf alvarleiki refsingar að vera í samræmi við alvarleika brots og einnig er mikilvægt að refsingin komi fljótlega í kjölfar brots. Annars er hættu á því að einstaklingur vanvirði refsinguna. Stimplunarkenning boðaði breytta sýn á frávíkshæðun og afbrotamál á sjötta áratug tuttugustu aldar. Viðbrögð samfélagsins við frávíkshæðun einstaklings verða til þess að viðkomandi er stimplaður. Afleiðingar stimplunar eru oftast neikvæðar. Skert tækifæri og neikvæð sjálfsmynd geta ýtt undir frekari frávíkshæðun.

Segja má að hindrun og stimplun séu tveir hlutar í sama ferlinu. Upphaflega eru þungar refsingar hindrunin. Ef hindrunin hefur engin áhrif og einstaklingur brýtur af sér verður honum refsað fyrir. Síðar hefur refsingin slæm áhrif á sjálfsmynd einstaklings sem leiðir til áframhaldandi óbreyttrar afbrotahæðunar og stimplunar af samfélaginu.

Útdráttur	1
Inngangur	3
1. Hvað er frávik?	5
2. Hindrunarkenning	6
2.1 Fræðileg umfjöllun og uppruni	6
2.2 Hvernig virkar hindrunin og hvaða áhrif hún hefur á einstakling og samfélag	7
2.3. Gagnrýni	8
3. Stimplunarkenning	10
3.1 Fræðileg umfjöllun og uppruni	10
3.2 Stimplunarferlið	12
3.3 Gagnrýni	13
4. Hindrunarkenning og samfélag	14
4.1 Refsing sem hindrun	14
4.2 Einstaka brotaflokkar í ljósi hindrunarkenninga	15
4.2.1 Heimilisofbeldi	15
4.2.2. Efnahagsbrot	16
4.2.3. Kynferðisbrot	18
4.3 Virkar þessi hugmyndafræði?	19
5. Stimplunarkenning og samfélag	21
5.1 Refsing og stimplun	21
5.2 Stimplun á unglingsárum	24
5.3 Einstaka brotaflokkar í ljósi stimplunarkenninga	25
5.3.1. Efnahagsbrot	25
5.2.2 Ofbeldisbrot	26
5.2.3 Barnaníð	26
5.3 Betrunarvist eða önnur úrræði?	27
Umræða	30
HEIMILDIR	31

Inngangur

Í bandarísku þáttaseríunni *Mindhunter* fá áhorfendur að fylgjast með þeim Holden og Bill starfsmönnum FBI á sviði frávíkshæðunar taka viðtöl við raðmorðingja sem eru vistaðir í fangageymslum. Þættirnir eru byggðir á sönnum samræðum og eiga sér stað á áttunda áratug tuttugustu aldar. Markmið þeirra Holden og Bill er að komast að því af hverju glæpamennirnir frömdu glæpina sína. Þættirnir eru byggðir á bókinni *Mindhunter: Inside the FBI's Elite Serial Crime Unit* eftir John E. Douglas og Mark Olshaker. Viðtölin eiga sér stað inni í fangelsunum. Glæpamennirnir voru allir morðingjar og frömdu afbrotin af ólíkum ástæðum. Nokkrir viðmælendur töluðu um afbrot sín í smáatriðum og voru brotin framin með einbeittum brotavilja og hindrunin virtist engin. Afbrotamennirnir áttu ekki í vandræðum með að segja frá staðsetningum, ástæðum og aðferðum glæpanna, sem er ógnvekjandi. Réttarkerfið hafði augljóslega engin áhrif á glæpamennina. Allir áttu þeir það sameiginlegt að vera lokaðir innan veggja fangelsis og fastir innan réttarkerfisins.

Þáttaserían nær að mörgu leyti að fanga umfjöllunarefni ritgerðarinnar í formi hindrunar og stimulunar. Áhugaverð hegðun fanganna grípur athygli áhorfenda því afbrotin eru virkilega alvarleg og framin án nokkurrar hræðslu við að afplána dóm og takast á við refsingar. Þar af leiðandi fer möguleikum fækkandi á hefðbundnum tækifærum í framtíðinni enda bera þeir þungan stimpil.

Í þessari ritgerð verður fjallað um afbrotamenn og frávíkshæðun út frá tveimur kenningum og leitast verður svara við eftirfarandi spurningum. Virkar refsing sem hindrun? Er refsing upphaf stimulunar? Er hindrun upphaf stimulunar?

Í fyrsta kafla ritgerðarinnar verður fjallað um frávík og hvernig frávíkshæðun lýsir sér. Notast er við bókina *Deviant Behaviour* eftir Eric Goode, *Outsiders: Studies in the Sociology of Deviance* eftir Howard S. Becker og ýmsar greinar eftir Jón Gunnar Bernburg. Minnst er á alls kyns einkenni og birtingarmyndir frávíkshæðunar og ólík viðurkennd viðmið samfélaga. Til að öðlast skilning á orsökum frávíkshæðunar er mikilvægt að skoða

hegðunina út frá fleiri mögulegum áhrifaþáttum. Að því sögðu verður lögð áhersla á eftirfarandi kenningar: Hindrunarkenningu og stimplunarkenningu.

Í næsta kafla verður fjallað um hindrunarkenninguna. Sú kenning er byggð á grundvelli refsikerfisins og verður fjallað um áhrif hindrana sem fá einstaklinga til að veita og meta kosti og galla áður en þeir kjósa að fremja afbrot. Fjallað verður um kenninguna með áherslu á einstaklinga og samfélög.

Þar næst verður fjallað um stimplunarkenninguna. Stimplunarsjónarhornið varð vinsælt innan félags- og afbrotafræðinnar á sjöunda og áttunda áratug tuttugustu aldar og boðuðu kennismiðir breytta sýn á rætur frávikshegðunar. Þegar afbrot er framið og einstaklingur fær opinbera refsingu fær hann einnig opinbera stimplun. Sjálf stimplunin eru viðbrögð samfélagsins við afbrotinu en þegar einstaklingur fremur alvarlegt brot verður honum hafnað af samfélaginu sem veldur stöðugu hegðunarmynstri. Sjálfsmynd og samfélagsleg staða einstaklings tekur breytingum. Stimplunarsjónarhornið setur frávikshegðun í félagslegt samhengi svo ekki verður einblínt á einstaklinginn til að útskýra slíka hegðun. Fjallað verður um skert tækifæri, afleiðingar stimplana og upplifun stimplaðra einstaklinga. Einnig kemur fram hvernig stimplunin getur verið ólík eftir alvarleika afbrota.

Í fjórða og fimmta kafla verða kenningarnar teknar fyrir ásamt viðbrögðum samfélagsins. Fjallað verður um ólík brot í ljósi hindrunarkenningar og stimplunarkenningar. Markmiðið er að koma auga á ólíkar hindranir og ólíkar stimplanir eftir afbrotum og til stuðnings er notast við niðurstöður rannsókna. Höfundur ritgerðar reynir að komast að niðurstöðum hvort refsingar fyrir afbrotamenn hafi raunveruleg hindrunaráhrif og hvort refsing sé upphaf stimplunar.

1. Hvað er frávik?

Frávik eru misjöfn eftir samfélögum. Frávik verða ekki til sökum ákveðinnar hegðunar heldur afleiðingum hennar. Samkvæmt félagsfræðilegri skilgreiningu er frávik eitthvað sem brýtur í bága við ríkjandi gildi og norm samfélagsins. Samkvæmt því er einstaklingur sem brýtur gegn gildum og normum samfélagsins skilgreindur sem fráviki. Félagsleg norm eru óskrifaðar og skrifaðar reglur samfélagsins sem eru oftast samþykktar. Norm og reglur eru ólík milli samfélaga svo frávikshegðun í einu samfélagi er ekki skilgreind sem frávikshegðun í öðrum samfélögum (Becker, 1963).

Viðbrögð frávikshegðunar eru oftast neikvæð, hvort sem manneskjan verður litin hornauga og fái á sig stimpil eða þurfi að afplána fangelsisvist. Reglur og lög stjórna ferðinni. Til að einstaklingur verði stimplaður sem frávik þurfa fjórir þættir að vera til staðar. Reglur og norm þurfa að vera til, einstaklingur sem brýtur gegn þeim, því næst þarf áhorfendur til að dæma hegðunina og að lokum eru það neikvæð viðbrögð frá samfélaginu (Goode, 2015).

Afbrota- og frávikshegðun er gífurlega vinsælt rannsóknarefni. Víðs vegar um heim nú til dags er kennd afbrotafræði og fólk getur nýtt sér þá þekkingu sem hefur skapast í greininni í ýmsum atvinnugreinum. Í bíómyndum og sjónvarpsþáttum nú til dags kemur fráviks- og afbrotahegðun mikið við sögu sem sýnir hversu mikill áhugi er fyrir efninu og hversu algeng hegðunin er. Einstaklingsbundin glæpastarfsemi er ekki einungis áhugamál fjölmiðla og félagsfræðinga heldur eru líka víðtæk glæpasamtök um allan heim rannsökuð. Frávik getur verið skilgreint sem ósamræmi við almennar reglur en afbrotahegðun brýtur í bága við lögmál samfélagsins. Lög eru lög og ef þú brýtur gegn þeim hefur þú framið afbrot (Goode, 2015) og í þessari ritgerð verður fjallað um afbrot sem frávikshegðun.

Neikvæðar staðalmyndir afbrota hafa áhrif á viðbrögð annarra gagnvart afbrotamönnum og verða þeir því oft útskúfaðir frá samfélaginu og hefðbundnum tækifærum (Jón Gunnar Bernburg, 2009b).

2. Hindrunarkenning

2.1 Fræðileg umfjöllun og uppruni

Hindrunarkenningin varð til á 18. öld og hefur verið vinsæl innan félags- og afbrotafræðinnar síðan þá. Kenningin er grundvallarregla klassíska skólans og skynsemishyggjunnar og jafnvel kjarninn í réttarfarskerfinu víða um heim. Hindrun er grunnurinn að ströngum refsingum, löngum fangelsisvistum og fjallar um val mannsins (Akers, 1990).

Hindrunarkenningin er sennilega mest rannsakaða viðfangsefni innan afbrotafræðinnar frá árinu 1960. Kenningin notast við gagnrýna heimspeki og byggist á réttu vali einstaklinga. Maðurinn er skynsemisvera og ákvarðanir okkar eru teknar með skynsemi að vopni. Þó er fólk í samfélaginu sem brýtur af sér og brýtur lögin. Sum okkar gera það ekki og hindrunarkenningin fjallar um þá sem hugsa sig tvisvar um áður en afbrot er framið. Einstaklingur brýtur síður af sér vegna vitundar um lagalega refsingu sem fylgir í kjölfar afbrots. Lagalegar refsingar eru sem sagt fráhrindandi (Akers, 1990).

Kenningin vísar til þess að með refsingum sem sameina alvarleika, skilvirkni og vissu sé hægt að stjórna tíðni afbrota og koma í veg fyrir frekari afbrot. Þegar einstaklingur brýtur af sér á refsiverðan hátt eru eftirfarandi atriði mikilvæg í ferli refsingar. Í fyrsta lagi þarf alvarleiki refsingar þarf að vera í samræmi við afbrotið sem framið var. Ef refsing er ekki nógu alvarleg, mun hún ekki hindra brotið. Í öðru lagi þarf skilvirkni að vera tímanleg. Mikilvægt er að refsingin komi fljótlega í kjölfar afbrots. Annars er hættu á að einstaklingur vanvirði refsinguna. Í þriðja lagi er það vissan sem fylgir því að refsingin muni eiga sér stað. Afbrotamenn íhuga möguleikann á hversu líklegt sé að hann verði tekinn fyrir tiltekið brot (Akers, 1990). Hindrunarkenningin segir þó ekki til um afbrotahegðun sem slíka því kenningin bendir til þess að lagalegar refsingar koma í veg fyrir afbrotahegðun. Niðurstöður rannsókna undirstrika þá staðreynd að erfitt er að staðsetja fyrirbyggjandi áhrif ótta við lagalegri refsingu. Þær segja lítið til um félagslegu námskenninguna og skekkja myndast

þegar horft er frá stærra sjónarhorni. Óttinn við að verða refsað sökum ákveðinnar hegðunar og styrking myndar samhengi af stærri myndinni (Akers, 1990).

Vísindamenn notast gjarnan við almennu hugmyndina um aukna styrkingu og námskenninguna (e. Social learning theory) til að fá meiri dýpt í hindrunarkenninguna. Hegðun einstaklings fer eftir verðlaunum og styrkingu frá nærsamfélagi. Styrkt og verðlaunuð hegðun segir til um hegðunarmynstur mannsins. Verðlaun, fortíð og nútíð, væntingar styrktaraðila og þeirra sem stjórnna í samfélaginu, bein og óbein viðurlög, refsingar, jákvæð og neikvæð styrking hefur allt áhrif á hegðun mannsins (Akers, 1990).

Hindrunarkenning hefur þó ekki bein áhrif á afbrotahegðun, heldur útskýrir kenningin hvaða þættir koma í veg fyrir hegðunina. Vísindamenn sem styðjast við almennu hugmyndina um aukna styrkingu nota einnig aðrar breytur sem mæla bæði verðlaunaða og afviða hegðun, og jafnvægið milli jákvæðra og neikvæðra viðbragða frá jafningjum og foreldrum. Þessar breytur hafa vissulega sterk áhrif (Akers, 1990).

2.2 Hvernig virkar hindrunin og hvaða áhrif hún hefur á einstakling og samfélag

Undirstaða réttarkerfisins er oft tengd við hindrunarkenninguna (Barnett o.fl., 2011; Miller-Perrin og Perrin, 2007). Það fólk í samfélaginu sem fylgir reglum og normum vill síður brjóta af sér vegna refsinga sem eru sársaukafullar eða hafa slæm áhrif á andlega heilsu. Það er í fólksins eðli að varast slíkt (Akers, 1990).

Í klassískri afbrotufræði er sagt að afbrot sé framið af einstaklingi sem hefur vegið og metið kosti og galla verknaðarins. Þegar ávinningurinn er meiri en kostnaðurinn er líklegt að einstaklingur velji að fremja afbrotið en talið er að afbrotamenn brjóti af sér af því það borgi sig. Einstaklingar eru vissulega fullmeðvitaðir um kostnaðinn við verknaðinn og afleiðingar hans en þegar einstaklingur horfist í augu við hver refsingin er, eru þeir líklegri til að hugsa sig tvisvar um og hindrun verður á vegi þeirra að fremja verknaðinn. Samkvæmt kenningunni er því tilvalið að innleiða fleiri og þyngri refsingar til að koma í veg fyrir háa tíðni afbrota. Dómskerfið sem slíkt er því lykilkþáttur í hindrunarkenningunni (Akers, 1990).

Til er annars vegar almenn hindrun og hins vegar sértæk hindrun. Almenn hindrun bendir til þess að refsingar afbrotamanna hindri og komi í veg fyrir afbrotahegðun fólks í samfélaginu sem ekki hefur framið afbrot áður. Markmið refsinga er meðal annars að vekja óhug annarra einstaklinga í þeirri von að þeir muni ekki brjóta af sér. Sértæk hindrun bendir til þess að refsingar afbrotamanna muni koma í veg fyrir áframhaldandi afbrotahegðun (McArthur og Kraus, 1999).

Til dæmis eru dauðarefsingar framkvæmdar í refsingarskyni og dæmdir sakamenn eru teknir af lífi fyrir afbrot. Þeir sem fremja alvarlegustu glæpina eru teknir af lífi, en talið er að refsingin skuli vera jafn alvarleg og brotið sem framkvæmt var. Í langflestum tilfellum eru það morð, en einnig nauðganir, fíkniefnaglæpir, þjófnaðir og spilling. Aftakan getur verið framkvæmd á ýmsa vegu. Afbrotamenn eru ýmist hálshöggðir, settir í rafmagnsstól eða teknir af lífi með skaðlegu eitri (Kronenwetter, 2001). Fjallað verður meira um dauðarefsingar fyrir neðan.

2.3. Gagnrýni

Niðurstöður rannsókna um námskenninguna (e. Social learning theory) og tengingu hennar við hindrunarkenninguna undirstrika þá staðreynd að erfitt er að staðsetja fyrirbyggjandi áhrif ótta við lagalegar refsingar. Skekkja myndast þegar horft er frá stærra sjónarhorni því kenningin einblínir á hugsunarhátt og hegðun einstaklings en ekki heildarinnar. Kenningin bendir á að hindrunin eigi að koma í veg fyrir að einstaklingar haldi áfram að sýna frávíkshægðun en hún er þó sennilega ekki eina orsökina. Flestir brjóta ekki af sér vegna vitundar um hvað sé rétt og rangt og alast upp við að fylgja reglum samfélagsins (Goode, 2015).

Gagnrýnendur hindrunarkenningarinnar nefna að skynsemishyggjan, eða það er að segja skynsamur hugsunarháttur, endurspeglir ekki veruleika og skekkir þar með lögmál hindrunarkenningarinnar. Fólk vinnur úr sínu lífi á ólíkan hátt og er því gagnrýnt að treysta á skynsemishyggjuna. Sagt er að áður en afbrot er framið vegi og meti einstaklingur kosti og galla verksins og hafi skynsemina að vopni. Það er þó gagnrýnt af vísindamönnum og afbrot

geta verið framkvæmd ósjálfrátt og af tilfinningalegum ásetningi. Þegar einstaklingur hefur einbeittan brotavilja er fátt sem stöðvar hann (Wright, 2010).

Erfitt er að sýna fram á skilvirkni hindrunaráhrifa og vísindamenn notast við vísindalegar rannsóknaraðferðir sem afsanna frekar tilgátur heldur en sanna þær. Til að kenningin verði heilli og betri þarf einnig að fjalla um siðferði en ekki aðeins vitund um alvarleika refsinga, en siðferðiskennd er félagslegt lögmæti réttarfarskerfisins. Virðing fyrir valdinu fer eftir lögmæti þess. Ef engin virðing er fyrir réttarfarskerfinu mun það hrynja og einstaklingar samfélagsins myndu ekki virða reglur né norm samfélagsins og óhlýðnast og brjóta reglur (Wright, 2010).

Skorti á siðferðislegum víddum í hindrunarkenningunni er best að koma auga á þegar farið er yfir aðferðafræði vísindamanna. Hafa skal í huga nokkra orsakavalda áður en fullyrt er að refsingar hafi hindrandi áhrif á einstaklinga. Atvinnuleysi, lágar tekjur, og fólk sem er félagslega fordæmt eru allt áhrifavaldar fyrir aukna glæpatíðni. Kenningin byggist vissulega á vísitandi ógn af skaða eða refsingum, og ef kerfið á að hindra afbrotahæðun þurfa refsingar að vera til staðar. Kenningin styður að því leyti refsingar (Wright, 2010). Þess má geta að þrátt fyrir harðari refsingar á síðastliðnum þremur áratugum má áætla að ekkert dragi úr fangelsisvist víða um heim (Goode, 2015).

3. Stimplunarkenning

3.1 Fræðileg umfjöllun og uppruni

Ný kenning sem naut mikilla vinsælda innan félagsfræðinnar kom fram á sjötta áratug tuttugustu aldar og veitti nýja sýn á frávíkshægðun sem slíka (Jón Gunnar Bernburg, 2005). Sú kenning kallast stimplunarkenning og kennismiðir hennar boðuðu breytta sýn á frávíkshægðun og afbrotamál. Fram að þeim tíma horfðu rannsakendur á aðra þætti frávíkshægðunar en stimplunarsjónarhornið bendir til þess að hegðunin kallar á viðbrögð frá samfélaginu sem eru þess eðlis að sjálfsmynd og staða einstaklingsins verður allt önnur. Þótt fleiri þættir hafi vissulega áhrif á frávíkshægðun eru það viðbrögð samfélagsins sem er hvað hættulegust. Frávíkshægðunin verður að stöðugu hegðunarmynstri sem útbreiddar staðalmyndir af frávíkum í samfélaginu ýta undir. Hún snýst um að engin hegðun, viðbrögð eða skoðun eru góð eða slæm í eðli sínu, heldur er það í höndum samfélagsins að túlka hverja hegðun útaf fyrir sig og er því frávíkshægðun ólík milli samfélaga, menningarheima og tíma. Völdin eru í höndum samfélagsins og frávík breytast í tíma og ótíma (Jón Gunnar Bernburg, 2005).

Áður fyrr var horft á frávík frá pösitifísku sjónarhorni og frávík var talið vera raunverulegt, mælanlegt og áþreifanlegt sem gengur gegn ríkjandi viðmiðum, gildum og reglum samfélaga. Svára var leitað hvers vegna sumir einstaklingar brutu af sér en aðrir ekki. Framkvæmdar voru vísindalegar rannsóknir þar sem orsökina hefur afleiðingu. Stimplunarsjónarhornið sýnir hins vegar að frávíkið er aðstæðubundið (Goode, 2011). Stimplunarkenningin leggur áherslu á viðbrögð samfélagsins, hvernig það stimplar félagsleg frávík og hverjar afleiðingar verða hjá þeim stimplaða (Jón Gunnar Bernburg, 2009a).

Samfélagið sem við lifum í gefur okkur ákveðnar hugmyndir um hvernig við eigum að haga okkur. Við fylgjum ákveðnu normi og öll reynum við að fylgja reglum í samfélaginu (Goode, 2015). Viðbrögðin eru ólík og fara algjörlega eftir því hver á í hlut og við hvaða aðstæður frávíkið átti sér stað. Tiltekin hegðun getur túlkast sem eðlileg í ólíkum menningarheimum. Sem dæmi má nefna áfengisdrykkju. Eðlilegt þykir að drekka rauðvín

með sunnudagssteikinni en viðbrögðin yrðu önnur ef einstaklingur myndi drekka rauðvín um miðjan dag. Samfélagið hefur þau völd að bregðast við þessari hegðun, túlka hegðunina sem frávik og stimpla einstaklinginn (Jón Gunnar Bernburg, 2005).

Kennismiðir hafa lagt áherslu á tvennt innan stimplunarkenningarinnar. Annars vegar umbreytingu sjálfins og hins vegar afleiðingar stimplunar á samskipti fólks. Sjálfmynd einstaklinga mótast af fordómafullum væntingum fólks og hegðar einstaklingurinn því sér eins og stimpillinn sem hann hefur á sér. Breytingarnar í félagslegum tengslum milli fólks geta verið neikvæðar og tækifæri stimplaðra einstaklinga skerðast. Rannsóknir hafa verið framkvæmdar í þeim tilgangi að sjá hvert framhaldið sé. Færri námsleiðir og atvinnutækifæri auka líkurnar á að einstaklingur dragist að jaðarhópum (Jón Gunnar Bernburg, 2005). Stimplun getur því haft neikvæðar afleiðingar fyrir einstakling. Hann nýtur ekki sömu fríðinda og hefur ekki sömu tækifæri og áður en hann varð stimplaður einstaklingur. Líkur þess að hann haldi áfram að sýna fráviks- og afbrotahegðun í framtíðinni eru töluvert háar, því með tímanum lærir fólk að skilgreina sjálft sig í gegnum samskipti og viðhorf annarra í samfélaginu (Jón Gunnar Bernburg, 2009a). Í þessu samhengi verða viðhorfin gjarnan neikvæð og einstaklingur upplifir sig eins og frávik í samfélaginu. Sjálfmynd viðkomandi tekur því breytingum og fer að hegða sér samkvæmt hinu stimplaða hlutverki (Jón Gunnar Bernburg, 2009b).

Við sjáum afbrot og frávikshegðun dagsdaglega, hér og þar og í ýmsum myndum. Frávikshegðun er gífurlega vinsælt þema til dæmis í sjónvarpsþáttum, bíómyndum og í fréttum. Gífurlega oft eru fréttir héðan og þaðan úr heiminum af alls kyns hasar, og bíómyndir fjalla oft um fíkniefni, rán, glæpi og fleiri afbrot. Félagsfræðingurinn Goffman fjallar um stimplunarkenninguna og nefnir að með stimplun upplifi einstaklingur minnimáttarkennd og verði undir í samfélaginu. Sjálfmynd einstaklingsins þróast til hins verra og hann hegðar sér í takt við það. Viðkomandi fjarlægist hin hefðbundnu gildi samfélagsins sem leiðir af sér auknar líkur á afbrotahegðun (Jón Gunnar Bernburg, 2005). Fræðimenn eru enn að reyna átta sig á hvaða áhrif refsingar hafa á mannlega hegðun. Stimplunarkenningin á það sameiginlegt með hindrunarkenningunni að styðjast við

félagslega greiningu og fjalla um hvernig viðurlögin móta mannlega hegðun (Charles og Donna, 1984).

3.2 Stimplunarferlið

Þeir einstaklingar sem fara út fyrir normið og sýna frávíkshægðun eru athyglisverðir einstaklingar í samfélaginu. Stimplun getur verið formleg eða óformleg. Formlegri stimplun er viðhaldið af þeim stofnunum sem sjá um að halda borgurum á réttri braut, til dæmis lögreglu og dómstólum. Sú stimplun er heldur augljós og erfitt er að losna við hana. Maður sem hefur setið í fangelsi í mörg ár fyrir manndráp mun alltaf hafa þann stimpil á sér að vera afbrotamaður. Óformleg stimplun kemur frá foreldrum og jafningjum en rannsóknir benda til að þeir aðilar sem eru stimplaðir af vinum og ættingjum sýni enn sterkari frávíkshægðun.

Mikilvægur þáttur í stimpilkennningunni er að fólk af lægri stétt er líklegra til að upplifa minnimáttarkennd og stimplun frá samfélaginu. Samkvæmt rannsóknum er líklegast að lögreglan handtaki fólk af lægri stéttum og úr minnihlutahópum óháð því hversu alvarlegt brotið er. Minnihlutahópar og fátækir eru töluvert viðkvæmari fyrir óformlegri stimplun, því þau eru nú þegar hluti af stimpluðum hóp (Jón Gunnar Bernburg, 2009a).

Stimplun getur haft þau áhrif að fólk leiðist í afbrot og sækist í frávíkshægðun. Afleiðingar stimplunar hafa áhrif á sjálfið. Viðkomandi býr til sjálfið sitt út frá endurspeglun í samskiptum við annað fólk. Vegna þess lærir fólk hvernig það eigi að haga sér og vernda sig út frá því hvernig annað fólk upplifir það. Brennimerkt fólk á það til að útskúfa sig úr samfélaginu og mætir ekki á fjölmenna viðburði. Þau eru meðvituð um að þeim sé ekki treystandi og að fólk dæmi þau út frá gjörðum (Jón Gunnar Bernburg, 2009a).

3.3 Gagnrýni

Undir lok áttunda áratugarins var kenningin gagnrýnd og vinsældir hennar dvínuðu töluvert. Stöðnun varð í rannsóknum og á þessum tíma var stimplunarsjónarhornið talið dautt. Rannsóknarmenn tóku það til sín og í dag er mikil áhersla lögð á auknar rannsóknir á sviðinu (Jón Gunnar Bernburg, 2005). Kenningin var talin óljós og óstudd af fyrirbyggjandi rannsóknum. Gagnrýnendur sögðu kenninguna vera ómerkilega og efuðust um að hægt væri að kalla hana kenningu (Jón Gunnar Bernburg 2009b). Þessi gagnrýni átti rétt á sér að hluta til þrátt fyrir að vera ósönnuð og leiddi hún ekki til neinnar framþróunar. Vissulega voru rannsóknir á þessum tíma heldur lélegar þegar kom að aðferðafræði, en gagnrýnendur tóku ekki tillit til þess. Rannsóknir studdu ekki þá staðreynd að stimplun sé afleiðing frávikshegðunar og þar af leiðandi ekki hægt að kalla þetta kenningu. Einnig töldu gagnrýnendur að kenningin væri að hunsa þá spurningu hvað leiddi viðkomandi einstakling upphaflega í frávikshegðun og nefndu að aðrir þættir geta haft áhrif á sífellt endurtekna hegðun afbrotamanna (Goode, 2011). Síðan gagnrýnin á stimplunarkenninguna kom fram hafa fræðimenn bent á að sum gagnrýni hafi ekki átt rétt á sér. Fyrst og fremst voru aðeins formlega stimplaðir einstaklingar og dæmdir menn úrtök í rannsóknum um áhrif formlegrar stimplunar. Þá er ólíklegt að hægt sé að finna sannfærandi niðurstöður þegar ekki er samanburðarhópur sem er óstimplaður. Einnig höfðu rannsakendur ekki skoðað afleiðingar stimpilsins á afbrotahæðunina. Fræðimenn vinna að því nú til dags að betrubæta rannsóknir á sviði stimplunar (Jón Gunnar Bernburg, 2005).

4. Hindrunarkenning og samfélag

4.1 Refsing sem hindrun

Maður leggur bílnum sínum og borgar ekki í stöðumæli, og fær sekt í fyrsta sinn. Annar maður leggur bílnum sínum og borgar aldrei í stöðumæli. Ættu mennirnir tveir að fá sömu sektina? Réttarkerfið bregst við síbrotamönnum á annan hátt en þeim sem brjóta af sér í fyrsta sinn. Tími fangelsisvistar er lengri og refsingin strangari fyrir þá sem áður hafa hlotið dóm og eru ekki með hreina sakaskrá. Refsing síbrotamanna er sennilega það rétta í stöðunni því lögregla vill vissulega koma af stað hindrun. Að íhuga og framkvæma afbrot getur því valdið óhug. Þegar viðkomandi fremur fleiri en eitt afbrot verða refsingarnar harðari með hverju brotinu (Shavel og Polensky, 1998).

Alvarleiki refsinga við afbrotum getur því verið einskonar verðlaun fyrir “góða” hegðun, en það skýrist af slakari refsingum við fyrsta brot. Þá er talið ákjósanlegast að refsa einstaklingum fyrir slæma hegðun. Þegar fangelsisvist er stytt fyrir fyrsta stigs afbrotamenn er talið að hindrunin aukist. Hins vegar dregst úr hindrun þegar refsing eykst fyrir síbrotamenn. Svo eru neikvæðar afleiðingar við félagslegan kostnað að halda einstaklingum innan fangelsisveggja. Líklegustu einstaklingarnir í samfélaginu til að brjóta af sér eru þeir sem hafa þegar brotið af sér áður og hlotið refsingar fyrir. Til að lesa í framtíðina má styðjast við þá staðreynd (Shavel og Polensky, 1998).

Spurningin hvort dauðarefsingar hafi meiri hindrandi áhrif en langtíma fangelsisvist hefur verið rannsökuð í marga áratugi í margvíslegu námi í skólum, af lögfræðingum og vísindamönnum. Fyrir um áratug síðan var orðrómur afbrotafræðinga sá að dauðarefsing gæti ekki talist réttlæt看leg á grundvelli hindrunarkenningar. Þau Radelet og Akers framkvæmdu skoðanakönnun árið 1996 á afbrotafræðingum í Bandaríkjunum. Spurt var um rannsóknir hindrunarkenningarinnar. Meiri hluti svarenda voru sammála um að dauðarefsingar væru ekki, hefðu aldrei verið og mundu aldrei vera betri og skilvirkari en ævilangur fangelsisdómur. Aðeins 10% þátttakanda héldu því fram að dauðarefsing hefði

hindrunaráhrif. Samkvæmt könnun Radelet og Akers er því mikil samstaða meðal fræðimanna um að dauðarefsing hafi lítil sem engin áhrif á afbrotatíðni (Lacock og Radelet, 2009).

Stuttu síðar komu fram nýrri rannsóknir sem bentu til þess að dauðarefsingar hafi hindrandi áhrif á fanga sem afbrotafræðingar hafa ekki tekið eftir. Þær voru þó takmarkaðar og gallaðar og ekki tekið mark á þeim (Lacock og Radelet, 2009).

4.2 Einstaka brotaflokkar í ljósi hindrunarkenninga

4.2.1 Heimilisofbeldi

Erfitt er að útskýra heimilisofbeldi en því er best lýst sem ferli kúgunar innan veggja heimilisins eða innan fjölskyldunnar. Heimilisofbeldi á sér lang oftast stað milli maka og fyrrverandi maka. Á Íslandi er heimilisofbeldi ekki skilgreint sérstaklega í lögum heldur er heimilisofbeldi talið flokkast undir ofbeldisbrot, kynferðisbrot, brot gegn frjálsræði manna og eignaspjöll milli tengdra aðila og skyldra sem heyra undir meðal annars 218. grein almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

“Hver sem endurtekið eða á alvarlegan hátt ógnar lífi, heilsu eða velferð núverandi eða fyrrverandi maka síns eða sambúðaraðila, niðja síns eða niðja núverandi eða fyrrverandi maka síns eða sambúðaraðila, áa síns, eða annarra sem búa með honum á heimili eða eru í hans umsjá, með ofbeldi, hótunum, frelsissviptingu, nauðung eða á annan hátt, skal sæta fangelsi allt að 6 árum. Ef brot er stórfellt getur það varðað fangelsi allt að 16 árum. Við mat á grófleika verknaðar skal sérstaklega líta til þess hvort þolandi hafi beðið stórfellt líkams- eða heilsutjón eða bani hlotist af. Enn fremur ber að líta til þess hvort brot hafi verið framið á sérstaklega sársaukafullan eða meiðandi hátt, hafi staðið yfir í langan tíma eða hvort gerandi hafi misnotað freklega yfirburðastöðu sína gagnvart þolanda.”

Frá árinu 2006 til 2007 voru 993 mál tilkynnt til lögreglu. Í 90% tilvika áttu þau sér stað á heimili eða einkalóð einstaklinga. Konur eru líklegri til að verða fyrir barðinu á heimilisofbeldi og 715 þeirra gerenda höfðu áður verið kærðir fyrir önnur brot. Sjaldnast var um einstakt atvik að ræða heldur voru brotin ítrekuð. Samkvæmt íslenskri rannsókn tilkynnir um þriðjungur þeirra sem telja sig hafa orðið fyrir heimilisofbeldi það til lögreglu. Því má segja að heimilisofbeldi sé afar falið mál og lögreglan veit aðeins um brot af þeim (Guðbjörg og Rannveig, 2010).

Því miður er þess kyns ofbeldi algengt og sennilega algengara en við höldum. Ástæða þess að ofbeldi á heimilum og innan fjölskyldna er jafn algengt og raun ber vitni, er sökum þess að heimilisofbeldi hefur nánast engar lagalegar afleiðingar fyrir gerandann. Hindrunin er engin og má segja að hegðunin borgi sig. Afar ólíklegt er að gerandi sé handtekinn og enn ólíklegra að viðkomandi verði lögsóttur og sitji inni fyrir vikið. Til að draga úr slíkri hegðun er mikilvægt samkvæmt hindrunarkenningunni að herða á refsingum. Samkvæmt kenningunni geta harðari refsingar, áhrif formlegra félagslegra þátta og dómskerfa minnkað líkur á að ofbeldi sé beitt (Barnett o.fl., 2011; Miller-Perrin og Perrin, 2007).

4.2.2. Efnahagsbrot

Skipulögð brotasamtök eru skilgreind í 175. grein almennra hegningarlaga nr. 19/1940

„Með skipulögðum brotasamtökum er átt við félagsskap þriggja eða fleiri manna sem hefur það að meginmarkmiði, beint eða óbeint í ávinningsskyni, að fremja með skipulegum hætti refsiverðan verknað sem varðar að minnsta kosti 4 ára fangelsi, eða þegar verulegur þáttur í starfseminni felst í því að fremja slíkan verknað“

Afbrotafræðingurinn Edwin Sutherland var brautryðjandi í sínu fagi á tuttugustu öldinni og lagði áherslu á skrif um efnahagsbrot, öðru nafni hvítflibbabrot. Samkvæmt honum eru efnahagsbrot ekki einungis framin af fólki úr lægri stéttum samfélagsins heldur einnig af fólki úr efri stéttum þess. Ástæður afbrota eru þó upphaflega taldar vera slæmar

uppeldisaðstæður og bág efnahagsstaða. Efnahagsbrot eru gjarnan kölluð hvítflibbabrot (e. White collar crime) og eru það afbrot sem skera sig úr því glæpamennirnir falla ekki að staðalímyndum af afbrotamanna. Þeir sem líklegir eru til að fremja hvítflibbabrot eru yfirleitt vel menntaðir og eldri. Þau eru framin í þeim tilgangi að auka eigin hagnað og jafnvel bjarga fyrirtækjum. Slík afbrot eru ekki ofbeldisfull heldur eru þau framin fyrir eigin gróða og fela í sér svik, fársvik, falsanir og sektir. Þau fela ekki í sér ofbeldi eða líkamlegar afleiðingar heldur eru þau framin af fagfólki í hátt settu starfi. Brotin eru þó ekki án fórnarlamba. Öflug fyrirtæki misnota vald sitt og níðast á fólki, svindla og stela miklum fjármunum. Slík starfsemi er skaðleg samfélaginu og jafnvel skaðlegri en ofbeldisafbrot því að um mikla fjárhagslega hagsmuni er að ræða (Fredericks, McComas og Weatherby, 2016). Þau eru þó skipulögð í þaula og er því brotaviljinn einbeittur og ætti að hafa frekari áhrif á viðurlög refsinga (Innanríkisráðuneytið, 2013).

Efnahagsbrot eru án ofbeldis og þess vegna ekki talin skaðleg samfélaginu. Það er þó gagnrýnt. Efnahagsbrot í stórum mæli hafa mjög mikil áhrif á samfélagið og eru því miður algeng. Hindrunin er óvirk og sýbrotatíðnin er há því refsingin fyrir brotið er árangurslaus. Hindrunarkenning styður þá áætlun að skortur á vissu, alvarleika og fljótra vinnubragða eftir að tiltekið brot sé framið leiði til hærri síglæpatíðni. Einstaklingarnir verða þó stimplaðir af samfélaginu. Þeir eru ekki ógnandi og eru úr efri stéttum sem gera þá afar frábrugðna hinum glæpamönnunum. Hindrunarkenning er því lyklatríði til að túlka muninn á tveimur ólíkum brotum, efnahagsbroti og ofbeldisbroti. Mikill munur er á refsingunum á þessum tveim brotum og er því glæpatíðnin há (Fredericks, McComas og Weatherby, 2016).

Það er greinilegt í samfélaginu að viðbrögð réttarfarskerfisins við efnahagsbrotum og ofbeldisbrotum eru ólík. Refsingar efnahagsbrota eru styttri og síður alvarlegar heldur en refsingar ofbeldisafbrot. Rannsóknir benda til að samfélagið átti sig á brotinu og hverjar afleiðingar þess séu fyrir samfélagið en í raun er fólk illa upplýst um alvarleika brotsins. Efnahagsbrot er tiltölulega falin brot og almenningur er ekki alltaf meðvitaður um hvernig fyrirtæki mistnota vald sitt, en almennt er það framið af hámenntuðu fólki. Erfitt er að koma upp um þessi brot og auðvelt fyrir einstaklinga að koma í veg fyrir að svindlið komist á yfirborðið. Því brotið hefur engin líkamleg áhrif á þolendur né skaðleg áhrif til frambúðar þá

er ekki hægt að refsast einstaklingi alvarlega samkvæmt lögum. Áætlað er að hvítflibbabrot fái annars konar refsingu með minni tilkostnaði en fangelsisvist (Fredericks, McComas og Weatherby, 2016).

Samkvæmt afbrotufræðingum eru hvítflibbabrot talin mjög alvarleg því kostnaðurinn er mikill fyrir samfélagið. Þessi afbrot teljast jafn alvarleg ef ekki alvarlegri en glæpir á borð við þjófnað, rán, ofbeldi og manndráp. Réttarvörslukerfið leggur án efa minna upp úr mikilvægi hvítflibbabrota en strætisbrota. Samkvæmt könnunum á Vesturlöndum kemur í ljós að hvítflibbabrot eru ekki talin eins alvarleg og strætisbrot. Því telja fræðimenn að viðbrögð almennings þurfi að vera meiri og mikilvægt er að þessir afbrotamenn verði brennimerktir. Einnig telja fræðimenn að herða þurfi viðurlög hvítflibbabrota með því að herða refsingar efnahagsbrota og getur það verkað sem sterkari hindrun (Helgi Gunnlaugsson, 2008).

4.2.3. Kynferðisbrot

Skilgreining á kynferðisbroti samkvæmt 194. grein almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

„Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við mann með því að beita ofbeldi, hótunum eða annars konar ólögumætri nauðung gerist sekur um nauðgun og sæta fangelsi ekki skemur en 1 ár og allt að 16 árum. Til ofbeldis telst svipting sjálfbræðis með innlokun, lyfjum eða öðrum sambærilegum hætti.“

Kynferðisbrot birtast í ólíkum myndum og er eitt af alvarlegustu brotum, en aðeins morð er litið alvarlegri augum samkvæmt hegningarlögum. Gerandinn er í flestum tilfellum karlmaður og kunningi eða maki. Slík afbrot eru síst tilkynnt, sem gerir geranda auðveldara fyrir og stafar það af fjölda ástæða. Fórnarlömb óttast gerandann, finna fyrir skömm og kenna sjálfum sér um. Fáir þolendur kæra fyrir nauðgun (Siegel, 2016). Réttarstaða þolenda er veik og kröfur sönnunargagna eru háar. Einnig er talið að þolendur eiga í hættu að mæta lífseigum goðsögnum og fordómum í réttarkerfinu þegar þeir kæra.

Þetta dregur töluvert úr ákærum. Kærum hefur þó fjölgað milli ára og myndað þrýsting á réttarkerfið til að breyta meðferð kynferðismála (Ríkislögreglustjóri, 2011).

Í febrúar 2011 gaf Ríkislögreglustjóri út yfirlit yfir tölur kynferðisbrota sem tilkynnt voru til lögreglu árið 2008. Brotin voru svo yfirfarin af lögreglu eða ríkissaksóknara. Í 52% tilfella var rannsókn hætt eða felld niður hjá lögreglu þegar um var að ræða kynferðisbrot eða nauðgun. Í sumum tilfellum er kærán dregin til baka og í 36% tilvika máli er ekki framfylgt af brotapolá. Einnig kemur fyrir að brotápoli vilji ekki gefa skýrslu, bera vitni eða taka þátt í rannsókn. Samkvæmt upplýsingum Ríkislögreglustjóra eru nokkrar ástæður þess að kærur séu felldar niður. Sönnunargögn eru ekki nægjanleg, málinu er ekki fylgt eftir, ætlaður gerandi er ekki þekktur, röng skráning máls, rangar sakagiftir eða gerandi er ósakhæfur. Í 67% tilvika eru sönnunargögnin ekki nægjanleg (Ríkislögreglustjóri, 2011). Af því sögðu má gera ráð fyrir að hindrunin verki lítið á kynferðisbrotamann. Leiðin að afleiðingunni er ekki greið og ansi margt þarf að ganga upp til að geranda verði refsað.

4.3 Virkar þessi hugmyndafræði?

Hægt að túlka kenninguna með tilliti til réttarfarskerfisins. Afleiðingar þess að “ekkert virki” fyrir afbrotamenn til að verða að betri einstaklingum eru refsingar (Cullen, 2005). Segjum svo að allar líkur séu á því að einstaklingur verði handtekinn af lögreglu fyrir brot og lendi í fangelsi fyrir að fremja glæpinn. Líklega myndu þá fáir fremja glæpinn. Þar sem flestir glæpir leiða ekki til handtöku og þar á meðal alvarlegir glæpir, þá er hindrunin ósjáanleg. Áætla má að aukinn alvarleiki refsinga muni hafa lítil áhrif á fólk sem ekki trúir því að það verði gripið fyrir að fremja tiltekið afbrot (Wright, 2010).

Ástæða þess að menn eru lokaðir inni fyrir alvarleg afbrot er einföld. Að loka fólk inni í langan tíma tryggir öryggi í samfélaginu. Frá þessu sjónarhorni er ætlunin að loka fólk inni árum saman og þannig koma í veg fyrir fleiri afbrot viðkomandi einstaklinga. Rannsóknnum tekst þó ekki að sanna það. Fjöldinn allur er til af rannsóknnum sem reynt hafa að leita svara við hvort lengri fangelsisvist hafi hindrandi áhrif á einstaklinga í samfélaginu.

Samkvæmt hindrunarkenningunni eru alvarlegar refsingar fælingarmáttur, og því ólíkegt að afbrotamenn brjóti af sér síðar aftur. Rannsókn frá árinu 1999 skoðaði 50 aðrar rannsóknir frá árinu 1958. Til skoðunar voru 336.052 afbrotamenn með ólíka dóma á bakinu og misþungar refsingar. Fræðimenn skoðuðu samband milli lengdar dvalar í fangelsi og síbrotahneigðar. Í ljós kom að lengri fangelsisvist hefur aukið áhrif á síbrotahneigð eða um 3%. 29% þeirra sem dvöldu í fangelsi í um 30 mánuði brutu af sér aftur og 26% þeirra sem dvöldu í 12,9 mánuði í fangelsi. Einnig var skoðaður munurinn á afbrotamönnum sem voru í fangelsi og þeim sem afplánuðu dóma sína með samfélagsþjónustu. Svipaðar niðurstöður komu þar fram. Þeir sem vistaðir voru innan fangelsisveggja voru líklegri til að brjóta af sér aftur (Wright, 2010).

Samkvæmt rannsóknum eru afleiðingar fangelsisvistar töluvert neikvæðari hjá þeim sem sitja inni fyrir væg brot. Þeir sem sátu inni fyrir vægt brot og þar af leiðandi sátu skemur í fangelsi eru 4% líklegri til að enda aftur í fangelsi fyrir annað brot, heldur en þeir sem sitja inni í lengri tíma. Þegar fangelsisdvöl er stutt eru afbrotamenn líklegri til að halda sambandi við fjölskyldu, vini, yfirmenn og sitt eigið samfélag sem allt saman stuðlar að hentugri endurkomu í samfélagið þegar að því kemur. Þar af leiðandi eiga þeir sem sitja lengi inni fyrir afbrot töluvert erfiðara með að fóta sig í samfélaginu. Þeir einstaklingar verða einangraðir frá samfélaginu, eiga færri möguleika og tækifæri í lífinu og missa flest sambönd. Þetta eru öll einkenni stimplaðra afbrotamanna. Refsing verður til þess að einstaklingur verður stimplaður og til verður vítahringur síbrotamanns (Wright, 2010).

5. Stimplunarkenning og samfélag

5.1 Refsing og stimplun

Í greininni Aðstæðubundin brennimerking og brothætt sjálfsmynd: Nokkur grunduð hugtök um reynslu brotamanna af stimplun eftir Jón Gunnar Bernburg er fjallað um stimpilkenninguna og rannsóknir voru gerðar til að koma betri auga á upplifun einstaklinga sem eru stimplaðir af samfélaginu. Tekin voru viðtöl við 25 einstaklinga á árunum 2002 til 2004 og allir einstaklingarnir sem tóku þátt í rannsókninni eiga það sameiginlegt að vera fyrrverandi fangar, eða hafa verið á stofnun fyrir afbrotaunglinga. Flestir voru í vistun þegar viðtölin fóru fram og rannsakandi tók viðtölin sjálfur. Viðmælendur voru á aldrinum 15-45 ára og allir karlkyns. Markmið viðtalanda var að fá upplýsingar um viðbrögð fólks við frávíkshögðun þeirra og afbrotastimplun. Viðmælendur voru fengnir til að ræða reynslu sína af löggæslukerfinu, viðbrögðum fjölskyldumeðlima, vina, kennara og annarra kunningja vegna frávíkshögðun þeirra. Markmið rannsóknar er að fá ákveðnar hugmyndir um hvernig stimplun og brennimerking lýsa sér og hvaða áhrif samfélagið hefur á áframhaldandi hegðunarmynstur einstaklinga sem eru stimplaðir (Jón Gunnar Bernburg, 2005).

Viðbrögð samfélagsins við frávíkshögðun koma í ýmsum formum. Ýmist í formi vantrausts, slæmu umtali en oftast eru viðbrögðin heldur óljós. Orðrómur verður til um einstaklinginn og til verða sögur og mýtur sem ganga um samfélagið. Brennimerkingin út frá frávíkstimpluninni getur leitt til útskúfunar úr samfélaginu og skert lögmæt tækifæri. Þegar ungt fólk fær á sig stimpil getur sjálfsmynd þess orðið brengluð, þar sem hún er ekki fullmótuð, og nánasta fólk þess er meðvitað um sögusagnir og koma fram við það á annan hátt en vanalega. Orðrómurinn ýkir þó oft frávíkshögðunina en fólk í samfélaginu gefur sér áþreifanlega mynd af einstaklingnum. Einn viðmælendanna segir frá því að hann hafi fengið stimplun á sig á unglingsaldri á fyrsta skóladegi. Hann var pönkari og lenti illa í kjaftasögum í sínu bæjarfélagi. Hann hafði ekkert gert af sér, og ekki byrjaður að neyta áfengis né annarra vímuefna. Fljótlega fór umhverfið að bregðast við þessum sögusögnum um að hann væri að selja ólögleg vímuefni og væri sjálfur að neyta þeirra. Fjölskylda hans, kennarar og fleiri í

nærsamfélagi voru búin að dæma hann og þar af leiðandi breytt sinni hegðun sinni í samskiptum við hann. Oftast eiga svona brennimerkingar stað á unglingsárunum. Stundum eltir orðrómurinn menn fram á eldri ár. Annar viðmælandi nefnir að hann gæti aldrei sótt um ákveðið starf, ef einhver yfirmaður skildi heyra gamlar sögur um sig. Þá væri starfið farið. Í framhaldinu af því tekur fólk í umhverfinu upp á því að bera óttablandna virðingu fyrir þeim stimplaða og samskipti verða yfirborðskennd og fjarlæg. Innan félagsfræðinnar kallast það þvingað viðmót. Stimplaður einstaklingur mætir því þvinguðu viðmóti hjá öðrum sem endurspeglar ótta og hræðslu. Sá stimplaði hefur ánægju af þess kyns samskiptum og upplifir ákveðin völd. Þessi samskipti skapa að vísu félagslega fjarlægð milli hins stimplaða og þeirra sem bregðast við honum á slíkan hátt. “Jaá, það var fullt af krökkum sem pössuðu sig þegar þau töluðu við mig. Þegar þau voru að tala við mig þá voru þau svona að “vanda sig”....Þau voru svona geðveikt kurteis, svona eins og ég væri skólastjórinn eða eitthvað” segir einn viðmælendanna þegar hann er spurður út í þvinguð viðmót frá einstaklingum í samfélaginu (Jón Gunnar Bernburg, 2005).

Þegar sá stimplaði gerir sér grein fyrir aðstæðum og áttar sig á að gjörðir hans fá neikvæða athygli frá samfélaginu. Þá má segja að hann verði meðvitaður um eigin stimplun. Einstaklingur skilgreinir sig sem afbrotamann, og kallast það meðvituð brennimerking. Allir viðmælendur gerðu sér grein fyrir að fólk hafi neikvæðar hugmyndir um sig og þá sem dæmdir hafa verið fyrir afbrot. Þeir nefna að afbrotamenn séu gjarnan tengdir við geðveiki, og að þeim væri ekki treystandi og væru hættulegir í samfélaginu (Jón Gunnar Bernburg, 2005).

Einn viðmælandinn segist stundum þurfa að leyna fangelsisvist sinni. Ef hann geri það ekki, þá verða samskiptin stífari og fólk verður hrætt. Annar segir frá því að hann sé í góðri vinnu en hann vilji ekki að sumir menn innan fyrirtækisins viti af hans fortíð. Fordómar eru gagnvart glæpamönnum. “Eins og yfirmaðurinn minn, algjör skjalatöskumaður. Ef hann vissi að ég hefði einhvern tímann barið fólk eða brotist inn og stolið eignum, þá kæmist ég ekki langt í fyrirtækinu” (Jón Gunnar Bernburg, 2005).

Þeir sem stimplaðir eru verða gjarnan varir við eigið orðspor og sækjast í að komast fram hjá ákveðnum aðstæðum í hinu daglega lífi. Í þeirri stöðu verður sjálfsmýnd þeirra

brotin, stutt er í reiðar tilfinningar og einstaklingur upplifir mikið óöryggi. Sá stimplaði áttar sig á að orðspor hans er neikvætt og því fæst ekki breytt. Innan félagsfræðinnar kallast það aðstæðubundin brennimerking. Því leita afbrotamenn gjarnan í umhverfi þar sem þeir komast undan slíkum aðstæðum og lenda síður í samskiptum við fólk sem kallar fram slæmar tilfinningar. Einn viðmælendanna segir frá því þegar hann fer heim til vana sinna. Foreldrar þeirra taka honum á annan hátt og nefnir að fólk sem hefur þekkt sig frá barnæsku taki á móti sér eðlilega. Annar segir frá því að hann reyni að koma fram sem engin ógn fyrir viðstadda. Hann segir frá því þegar hann hitti gamlan vin í sundi sem spyr hvað sé að fréttu. Það sem er raunverulega að fréttu er að hann er nýkominn af Vogu en segir ekki frá þeirri staðreynd þar sem það gæti komið honum í óþægilega stöðu. Hann gerir sér grein fyrir að þetta séu neikvæðar auglýsingar og viðkomandi fer í varnarstöðu (Jón Gunnar Bernburg, 2005).

Stimplun hefur því slæm áhrif á afbrotamenn og þá einstaklinga sem sýna frávikshæðun. Hegðunin heldur áfram að eiga sér stað og fáar aðstæður eru hentugar fyrir slíka menn. Nokkrir viðmælendur lýsa ótta sínum að lenda í aðstæðubundinni brennimerkingu og einn þeirra, sem á að baki marga dóma og afbrot, segir frá ótta sínum við atvinnuviðtöl. „Ef það yrði spurt útí það þá, sem sagt sjálfsálitið yrði ekkert - og er ekkert í hámarki. Ef fólk kemur inn á þetta svæði þá fer ég í vörn, ég finn að ég byrja að svitna“. Annar viðmælendanna lýsir því að hann forðist að vera í atvinnuviðtölum vegna sakavottorða sem er alltaf beðið um. „Ég vil forðast óþægilegar aðstæður. Ég gæti allt eins verið allsber. Mér líður ekki þannig með vinum mínum... Maður er svo óvarinn. Ég vil alltaf getað svarað fyrir mig. Mér finnst óþægilegt þegar fólk kastar einhverju að mér sem ég get ekki svarað fyrir. Sérstaklega þegar ég er lengi að hugsa mig um þá kemur það oft út eins og maður sé að búa eitthvað til... Ég fæ þessa tilfinningu að það sé verið að koma mér að óvörum þegar verið er að spyrja mig útí þessa fortíð. Ég fer allur í hnút og hætti að vera öruggur með mig“.

Einstaklingar sem eru stimplaðir af samfélaginu forða sér gjarnan frá aðstæðum þar sem þeir gætu upplifað aðstæðubundna brennimerkingu, sem eru aðstæður sem flest fólk sér ekki ástæðu til að forðast. Nokkrir viðmælendur sögðust forðast aðstæður þar sem þeir

ættu í samskiptum við ókunnugt fólk, og reyna því aðeins að hafa samskipti við fjölskyldu og góða vini. Einnig fara þeir varlega í að hleypa nýju fólki nálægt sér og sækja alls ekki um vinnu á stöðum þar sem stimplunin gæti komið upp í atvinnuviðtalinu. Afbrotamenn verða virkir í einangrun sinni frá samfélaginu. Frásagnir nokkurra viðmælanda fjalla einnig um sambönd og ástina. Nokkrir þeirra lýstu yfir áhyggjum að afbrotin kæmust upp á yfirborðið og þeir yrðu fyrir höfnun. “Ef ég ætlaði nú að reyna við stelpu sem ekki er í dópi og rugli. Hvernig á ég að segja henni frá fortíðinni? Það mun alltaf koma fram. Hvernig get ég sagt frá því undir eðlilegum kringumstæðum og þannig að hún myndi skilja það?” segir einn viðmælandinn í sambandi við að kynast nýrri stelpu.

Í hinu klassíska riti Stigma bendir Goffman (1963) á að samskipti saklausra manna og þeirra stimpluðu eru því yfirleitt óþægileg, óhentug, einkennast af misskilningi og valdi yfir höfuð óþægindum. Því má segja að rof milli hans stimplaða og samfélagsins aukist því fáir kjósa að lenda í óhentugum aðstæðum (Jón Gunnar Bernburg, 2005).

5.2 Stimplun á unglingsárum

Jón Gunnar Bernburg fjallar um hvaða áhrif lögregluafskipti á unglingsárunum hafa á lífverni á eldri árum. Rannsóknir sýna að afskipti lögreglunnar hafa áhrif á áframhaldandi afbrotahæðun, á menntun, störf, fjárhagsstöðu og stöðugleika í lífinu (Bernburg og Krohn, 2003).

Afbrotahæðun hefur áhrif á nám. Sá einstaklingur sem hefur lent í kasti við lögin þróar með sér mótþróa gegn hinu eðlilega lífi sem hefur vissulega áhrif á skólagöngu. Fólk eyðir miklum tíma í skólanum og einstaklingurinn sér ekki tilganginn í því. Þeir einstaklingar eru líklegri en aðrir til að koma kennurum og stjórnendum í ójafnvægi. Starfsfólk skólans reynir því að senda slíka unglunga í einangrun, fær þá til að breyta um umhverfi og skipta um bekki og jafnvel fá skólaliða til að sjá um þá allra erfiðustu. Einstaklingarnir verða því alltaf fyrir fallinu. Þeir fá aðra meðferð en allir hinir krakkarnir sem ekkert hafa af sér gert (Bernburg og Krohn, 2003).

Afbrotahæðun hefur áhrif á starfsferil. Hafi viðkomandi komist í kast við lögin er ólíklegra að hann verði ráðinn í vinnu. Samkvæmt rannsóknum Schwartz og Skolnick um atvinnutækifæri eftir fangelsisvist þá er vinnuveitandi talsvert ólíklegur til að ráða umsækjanda sem er með afbrot og dóm á bakinu (Bernburg og Krohn, 2003).

Í rannsókn Bernburgs og Krohn (2003) kemur fram að formleg afskipti lögreglunnar af einstaklingum á aldrinum 14-16 hefur áhrif á þá seinna meir. Á tvítugsaldri koma einkenni strax í ljós, meðal annars vandræði með nám, atvinnuleysi, afbrot og fíkniefnanotkun. Einkenni stimplunar koma í ljós á aldrinum 20 til 22 ára (Bernburg og Krohn, 2003).

En hvernig eldast þeir einstaklingar sem hafa slæman stimpil á sér? Sampson og Laub (1997) vildu skoða hvort að ferli lífsins myndi breytast eftir þessi tímamót, þar sem einstaklingur er stimplaður af samfélaginu. Samkvæmt þeim hefur stimplun þau áhrif að einstaklingur beinist í þá áttina og að aukinni afbrotahæð (Bernburg og Krohn, 2003).

Samkvæmt rannsóknum eru greinileg tengsl á milli formlegra afskipta lögreglu á unglingsaldri og afbrotahæðun á síðari árum. Samkvæmt rannsóknum hefur innigrip aukin áhrif á þá sem eru stimplaðir (Bernburg og Krohn, 2003), enda hafa fræðimenn oft velt því fyrir sér hvort að lögregluvaldið geri menn að afbrotamönnum með refsingum (Charles og Donna, 1984). Telja má að stimplun hafi djúp og skaðleg áhrif á einstaklinga og getur því valdið vandræðum á lífsleiðinni við að halda áfram á réttri braut.

5.3 Einstaka brotaflokkar í ljósi stimplunarkenninga

5.3.1. Efnahagsbrot

Að greiða ekki skatta er brot á lögum. Ekki er algengt að að einstaklingar eða fyrirtæki sem framkvæma efnahagsbrot fái á sig stimpil, því skattakerfið er ekki talinn vera glæpavettvangur. Aðeins afbrota- og sakamál eru talin vera glæpir, svo efnahagsbrot eru ekki talin vera jafn alvarleg. Í rauninni þarf að endurskoða hugtakið og refsingarnar.

Segja má að lítil hindrun sé fyrir slík afbrot. Refsingin er ekki sú sama og fyrir þyngri glæpi en menn sem fremja slíkan verknað afplána ekki fangelsisdóm í sama húsnæði og

almennir glæpamenn, heldur sinna í flestum tilfellum samfélagslegum störfum. Einnig virðist stimpillinn ekki vera varanlegur og erfitt er að koma upp um slík verk (McBarnet, 1991).

5.2.2 Ofbeldisbrot

Skilgreining á ofbeldisbroti samkvæmt 218. grein almennra hegningarlaga nr 19/1940.

„Hafi maður með vísvitandi líkamsárás valdið öðrum manni tjóni á líkama eða heilbrigði, og þessar afleiðingar árásarinnar verða taldar honum til sakar vegna ásetnings eða gáleysis, þá varðar það fangelsi allt að 3 árum, eða sektum, ef sérstakar málsbætur eru. Nú hlýst stórfellt líkams- eða heilsutjón af árás eða brot er sérstaklega hættulegt vegna þeirrar aðferðar, þ.á.m. tækja, sem notuð eru, svo og þegar sá, er sætir líkamsárás.“

Ofbeldisbrot eru afar alvarleg og líkamstjón og morð flokkast sem slík. Samkvæmt upplýsingum Ríkislögreglustjóra kemur fram að ofbeldisbrotum á Íslandi hefur fjölgað stöðugt á milli ára frá 2011 (Ríkislögreglustjóri, 2016). Áætla má að stimplunin hafi mikil áhrif á afbrotamenn og sjálfsmynd þeirra sem skýrir áframhaldandi hegðunarmynstur.

5.2.3 Barnanið

Skilgreining á kynferðisbroti 200. grein almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

„Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við barn sitt eða annan niðja skal sæta fangelsi allt að 6 árum og allt að 10 ára fangelsi sé barnið yngra en 16 ára. Önnur kynferðisleg áreitni manns gagnvart barni sínu eða öðrum niðja en sú er greinir í 1. mgr. varðar allt að 4 ára fangelsi og allt að 6 ára fangelsi sé barnið yngra en 16 ára. Samræði eða önnur kynferðismök milli systkina varða fangelsi allt að 4 árum. Hafi annað systkina eða bæði ekki náð 18 ára aldri þegar verknaður átti sér stað má ákveða að refsing falli niður að því er þau varðar.“

Fólk sem haldið er barnagirnd kemur yfirleitt upp á yfirborðið hjá réttarkerfinu eftir að hafa brotið kynferðislega á barni. Fræðimenn telja að aðeins komist upp um brotabrot af þeim einstaklingum sem níðast á ungum krökkum. Talið er að allt að 80% kynferðisbrota séu framin af fjölskyldumeðlimi eða vini. Allt að 90% þeirra sem brjóta af sér segja að þeir sjálfir hafi orðið fyrir kynferðislegri misnotkun sem barn og gjarnan ýkja þeir sögur um sjálfan sig til að öðlast meiri samúð og skilning (Helgi Gunnlaugsson, 2011).

Séreinkenni þessara manna sem hafa komið í ljós hjá dæmdum barnaníðingum eru nokkuð svipuð þeim sérkennum sem einkenna hinn almenna afbrotamann. Þeir eru yfirleitt ómenntaðir, með vímuefnavandamál og með brotna sjálfsmynd. Fræðimenn hafa velt fyrir sér upplifun íslenskra barnaníðinga sem afplána sína fangelsisdvöl. Líðan þeirra innan fangelsisins er skelfileg en þeir eru útskúfaðir og upplifa töluvert einelti og ofbeldi að hálfu annarra fanga. Barnaníðingar eru vissulega neðstir á virðingarskalanum innan fangelsisins rétt eins og þeir eru í samfélaginu. Stimpillinn reynist þeim því afar þungbær og erfitt fyrir þá að koma sér út í samfélagið með hreint orðspor (Helgi Gunnlaugsson, 2011).

Árið 2011 voru birtar opinberlega niðurstöður um ítrekuð kynferðisbrot gegn börnum og voru 3% gerenda sem brutu af sér aftur. Frá árinu 1985 til 2011 voru 149 einstaklingar kærðir fyrir kynferðislega misnotkun gagnvart börnum og aðeins 4 þeirra fengu annan dóm síðar fyrir sama brot (Anna K. Newton og Þórarinn V. Hjaltason, 2011). Samkvæmt rannsóknunum Helga Gunnlaugssonar árið 2008 kemur fram að tveir af hverjum þremur, af þeim 3.216 sem luku afplánun á árunum 1994-1998 hafi komist aftur í kast við lögin. Ítrekunartíðni meðal kynferðisbrota er því lág. Stimplunin er það þung að tækifærin í samfélaginu eru skert og þeir upplifa mikla höfnun (Helgi Gunnlaugsson, 2011).

5.3 Betrunarvist eða önnur úrræði?

Í afbrotafræðinni sjáum við margar kenningar sem virka ekki, en mjög fáar sem hafa verið staðfestar. Oftar en ekki fjalla kenningar og rit um hvað eigi ekki að gera, frekar en ráðleggingar um hvað sé rétt að gera. Stimplunarkenningin er ein sú kenning sem að hefur útskýrt hvað best af hverju afbrotamenn endurtaka brot sín. Út frá stimplunarsjónarhorninu

er því haldið fram að afbrotamenn séu sviptir sömu tækifærum og hinn almenni borgari. Með stimplinum hafa afbrotamenn ekki aðgang að sömu björgum og fá síður aðstoð við að halda sér á beinu brautinni (Harris, 1975). Fræðimenn hafa því bent á að refsikerfið í Vesturlöndunum eins og það er í dag hæfi ekki þessu vandamáli. Til þess að halda afbrotamönnum frá refsikerfinu þarf að styðja við þá og aðstoða þá við að lifa heiðarlegu lífi.

Betrunarvist hefur því verið sú hugmynd sem að t.d. Norðurlöndin hafa unnið með (Cullen, 2005). Með betrunarvist er ætlað að fangar komist í eins eðlilegt umhverfi og vól er á, og eigi möguleika og öðlast tækifæri í lífinu (Cullen, 2005). Markmið betrunarvistar er aðstoða afbrotamenn að fóta sig aftur í samfélaginu og þannig draga úr stimplun. Betrunarvist notast ekki við refsingar til að breyta hegðun þeirra sem stimplaðir eru. Samkvæmt þeirra trú er agi, stjórnun, þvinganir og fleiri ógnvekjandi viðurlög úrelt og ættu ekki að vera lengur í notkun. Endurhæfing er mikilvægur þáttur í uppbyggingu afbrotamanna, en að leiðbeina þeim í rétta átt og leggja áherslu á það góða fær þá til að taka upp góða siði. Afbrotamenn fá tækifæri til að öðlast eins eðlilegt líf og hægt er innan ákveðinna takmarka. Endurkoma þeirra í samfélagið verður því sjálfsagt auðveldari. Þessi inngríp munu koma til með að aðstoða afbrotamenn að öðlast þekkingu og takast á við lausn á ýmsum vandamálum (Harris, 1975).

Fleiri vangaveltur hafa sprottið upp innan stimplunarsjónarmiðsins um hvernig sé hægt að hafa hemil á stimplunarferlinu. Eins og áður hefur komið fram er opinber stimplun upphaf varanlegrar stimplunar á afbrotamönnum. Fræðimenn hafa velt því fyrir sér hvort ekki sé hægt að draga úr þyngd stimplunar með því að draga úr opinberun refsinga (Harris, 1975). Til dæmis væri hægt að flokka refsingar eftir brotaflokkum svo að glæpamannsstimpilinn sé ekki sá sami hjá öllum þeim sem brotið hafa af sér. Þeir sem hafa beitt konur sínar ofbeldi og eru þar með dæmdir fyrir heimilisofbeldi fá öðruvísi stimpil en menn sem hafa framið vopnuð rán.

Stimplunarkenningin varpar einnig ljósi á hvernig afbrotastimpillinn verður kennileiti einstaklingsins. Þar af leiðandi verða væntingar samfélagsins til samræmis við þetta kennileiti. Fræðimenn benda á áhrifamátt þessara væntinga. Einstaklingur sem að ber afbrotastimpilinn finnur hvers samfélagið væntir af sér og fer að haga sér í samræmi við

það. Að breyta hugarfari samfélagsins til dæmdra afbrotamanna gæti því hjálpað þeim að rétta sig við. Í stað þess að líta á afbrotamenn alltaf sem afbrotamenn, þrátt fyrir að hafa afplánað dóm sinn, ætti samfélagið að líta svo á að afbrotamenn hafi gert upp við samfélagið eftir afplánun. Þannig geta afbrotamenn horft fram á við með jákvæðari væntingar til sjálfs síns (Harris, 1975).

Umræða

Hindrunarkenningin og stimplunarkenningin eiga fjölmargt sameiginlegt. Báðar styðjast þær við félagslega greiningu, báðar fjalla um hvernig viðurlögin móta mannlega hegðun og báðar fjalla um augljós áhrif á stefnumótun félagslegrar stefnu. Þrátt fyrir þessar tvær kenningar og fjölda annarra kenninga eru fræðimenn enn að átta sig á því hvaða áhrif refsingar hafa á mannlega hegðun.

Þó líta hvorki hindrunarkenning né stimpilkenning svo á að viðurlög hafi hlutlaus áhrif, en hafa fyrirfram ákveðnar hugmyndir um hvernig viðurlög munu móta hegðun einstaklinga. Líta má svo á að hindrun og stimplun séu tveir hlutar í sama ferlinu. Fyrst er reynt að hindra einstaklinga frá því að brjóta af sér með þungum refsingum. Svo ef hindrunin verkar ekki á einstaklinginn verður honum refsað. Í framhaldinu verður refsingin hluti af einkenni einstaklingsins og hann stimplaður. Hindrunin er því jafnvel upphaf stimplunar. Í raun og veru má áætla að um sé að ræða vítahring. Refsingar auka líkur áframhaldandi hegðunar því einstaklingur er stimplaður og refsingar draga úr líkum á batnandi hegðun með hindrunum.

Opinber refsing kallar á opinbera stimplun. Þegar einstaklingur brýtur af sér væri því viðeigandi að gefa viðkomandi viðvörun, eða refsingu sem leiðir ekki af sér stimplun. Oft á tíðum hafa fræðimenn fjallað um að það væri lögregluvaldið sem gerir menn að glæpamönnum með alvarlegum refsingum. Aftur á móti lítur hindrunarkenning svo á að refsing þurfi að vera nógu hörð til að hún virki sem hindrun á einstakling.

Höfundur veltir fyrir sér hvort að samræmi sé á milli þyngd refsingar og þyngd stimplunar, þ.e. eru þeir sem fá þyngri dóma með varanlegri stimpil? Það er framtíðarpæling og áhugavert að skoða í framhaldinu.

HEIMILDIR

Akers, R.L. (1990). Rational Choice, Deterrence, and Social Learning theory in Criminology: e Path Not Taken. *Journal of criminal law and criminology*. (81)3, 653-676.

Almenn hegningarlög nr. 19/1940.

Becker, H., S. (1963). *Outsiders: Studies in the Sociology of Deviance*. New York: The Free Press.

Charles, W. T. og Donna, M. Bishop (1984). The effect of formal and informal sanctions and delinquency: a longitudinal comparison of labeling and deterrence theories. *The journal of criminal law & criminology*. 75(4), 1222-1245.

Cullen, T. F. (2005). The twelve people who saved rehabilitation: how the science of criminology made a difference. *Criminology* 43(1), 1-42.

Fredericks, K. A, McComas, R.E og Weatherby, A.G. (2016). *White Collar Crime: Recidivism, deterrence and social impact*. Forensic research and criminology international journal (2-1): Department of Sociology & Criminal justice, Gonzaga University: Usa.

Goode, E. (2011). *Deviant Behavior* (9. útgáfa). Upper Saddle River: Prentice Hall.

Guðbjörg S. Bergsdóttir og Rannveig Þórisdóttir. (2010). Heimilisofbeldi. *Ágreiningur og ofbeldi milli skyldra og tengdra eins og það birtist í gögnum lögreglu*. Ríkislögreglustjórn og lögreglustjórn á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavík.

Guðrún Jónsdóttir. (2012). *Um nauðganir. Afleiðingar, málsmeðferð, Stígamót. Stígamót.* Vistvæn prentsmiðja.

Harris, R. A. (1975). Imprisonment and the Expected Value of Criminal Choice: A Specification and Test of Aspects of the Labeling Perspective. *American sociological view.* 40(1) 71-87.

Helgi Gunnlaugsson. (2008). *Afbrot á Íslandi: Greinasafn í afbrotafræði.* Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Jón Gunnar Bernburg. (2005). Aðstæðubundin brennimerking og brothætt sjálfsmýnd: Nokkur grunduð hugtök um reynslu brotamanna af stimulun. Í Úlfar Hauksson (ritstjóri), *Rannsóknir í Félagsvísindum IV.* (bls. 111 til 122). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Jón Gunnar Bernburg. (2009a). Labeling theory and secondary deviance. Í Copes, John,H. & Topalli, Volcan (ritstjórar), *Criminological Theory: Readings and Retrospectives.* (bls. 340-350). McGraw – Hill.

Jón Gunnar Bernburg. (2009b). Labeling Theory. *Handbook on Crime and Deviance.* doi: 10.1007/978-1-4419-0245-0_10.

Jón Gunnar Bernburg og Krohn, Marvin, D. (2003). Labeling, life chances, and adult crime: the direct and indirect effects of official intervention in adolescence on crime in early adulthood. *Criminology*, 41(4), 1287-1317.

Kennedy, K.C. (1983). A Critical Appraisal of Criminal Deterrence theory. *Digital Commons at Michigan State University College of Law.* Michigan State University College of Law.

Kronenwetter, Michael (2001). *Capital Punishment: A Reference Handbook* (2 ed.). ABC-CLIO.

Lacock, L. T. og Radelet, K. M. (2009). Do executions lower homicide rates?: The views of leading criminologists. *The journal of criminal law & criminology*, 99, 489-508.

McArthur, D. L. og Kraus, J. F. (1999). The specific deterrence of administrative per se laws in reducing drunk driving recidivism. *American Journal of Preventive Medicine*, 16(1), 68-75.

Ríkislögreglustjórnin (2016). *Afbrotatölfræði 2015*. Sótt 18.nóvember af: <http://www.logreglan.is/utgafa/tolfraedi/stadfestar-tolur/arlegar-uttektir/>

Shavell, S og Polinsky, A. M. (1998). On Offense history and the theory of deterrence. *International review of Law and Economics*, 18, 305-324.

Wright. (2010). Deterrence in Criminal Justice. *The sentencing project: research and advocacy for reform*, bls. 1-9.